

Nr. 047 / 10 Hrafn GK 111***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 1628
Smíðaður: Akureyri 1983 stál
Stærð: 680,3 brl. 1067 bt.
Mesta lengd: 61,76 m Skráð lengd: 58,56 m
Breidd: 9,76 m Dýpt: 6,74 m
Vél: Wichmann 1472 1982
Fjöldi skipverja: 27



Hrafn ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 11. október 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 11. apríl 2010 var Hrafn GK 111 við bryggju í Grindavík. Veður: N 8 m/sek.

Tveir skipverjar voru að taka inn landgang bakborðsmegin. Voru þeir að reisa landganginn upp á rönd og tók annar þeirra í band sem reyndist illa fest þannig að það losnaði með þeim afleiðingum að skipverjinn féll við. Snéri hann sig á hægra hné og bólgnáði talsvert. Hann gekkst síðar undir aðgerð á hnénu.

Við rannsókn kom fram:

- að tógið sem reyndist laust var með lykkju á endanum sem átti að vera fast í eyra á landgangnum en í stað þess hafði lykkjunni aðeins verið brugðið yfir eyrað. Skipverjinn ekki átt von á því.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.